

116

17. gr.

1. ágúst Reglur þessar eru settar samkvæmt 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 frá 7. janúar 1930 og öðlast gildi þegar í stað.

Viðauki þessi við lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. ágúst 1957.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

117

30. júlí

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.

1. gr.

34. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:
1. flokkur. Gjald kr. 1.50 hver 100 kg:
Kol, koks, salt, sement, áburður, saltfiskur, verkaður fiskur, hraðfrystur fiskur, fiskimjöl, sildarmjöl, hrogn, söltuð þunnildi, fiskroð, skreið.
 2. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Kornvara, sykur, garðávextir, mjólk, hey, fóðurvörur, útlendar gærur, freðsild.
 3. flokkur. Gjald kr. 2.50 hver 100 kg:
Vikursteinn, asbestplötur, plötujárn, stangajárn, vatnspípur, efni til múrhúðunar og byggingarefni annað en trjáviður, ekki annars staðar talið, girðingarnet og girðingarefni.
 4. flokkur. Gjald kr. 3.00 hver 100 kg:
Oliur, benzín, smurningsoliur, lýsi, veiðarfæri og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, hessian, herpinætur, kaðlar, leirvörur, pottar, balar, blikkfötur o. þ. u. l., kjöt, ull, mör, tólg.
 5. flokkur. Gjald kr. 4.00 hver 100 kg:
Bílar, bátavélar, landbúnaðarvélar, vélahlutir, gler, miðstöðvar, gólf-dúkur, saumur, málningarvörur alls konar, pappírsvörur alls konar, krossviður, smjör, smjörlíki, jurtafeiti, sápur, þvottaduft og aðrar hreinlætisvörur.
 6. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver 100 kg:
Kaffi, kaffibætir, kex og aðrar brauðvörur, ávextir nýir og þurrkaðir, niðursuðuvörur, súkkulaði, kakaó, sælgætisvörur, öl og gosdrykkir.
 7. flokkur. Gjald kr. 1.00 hver 10 kg:
Vefnaðarvara, fatnaður, skófatnaður, tóbaksvörur og allar aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, og ekki eru annars staðar taldar.
 8. flokkur. Gjald kr. 10.00 hvert stykki:
Eldavélar, þvottavélar, ísskápar, baðker.
 9. flokkur. Gjald kr. 0.60 hver 100 kg:
Ísvarinn fiskur.

10. flokkur. Gjald kr. 1.00 fyrir hverja tunnu af saltsíld og hvers konar sjávaraf- **117**
urðum. Af hálf tunnnum reiknast kr. 0.75. **30. júlí**
11. flokkur. Tómar tunnur eftir stærð kr. 0.30, 0.50 og 0.60.
12. flokkur. Gjald kr. 0.40 fyrir hvert teningsfet:
Timbur og allar aðrar vörur reiknaðar eftir rúmmáli.
13. flokkur. Gjald kr. 5.00 hver gripur:
Stórgripir, sauðfé.
Lægsta vörugjald í öllum flokkum er kr. 2.00.

2. gr.

37. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Af heildarafla skips greiðast kr. 5.00 af hverri smálest fiskjar, sem landað er á hafnarsvæðinu, miðað við slægðan fisk með haus.

Af hverju máli eða tunnu síldar greiðast kr. 0.25. Útgerðarmenn skipa og kaup-
endur afla eru ábyrgir fyrir þessum gjöldum.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23 apríl
1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. júlí 1957.

Eysteinn Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.

SAMÞYKKT

118

27. júlí

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða
og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfar-
andi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftir greindum fasteignum á
kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborgareign með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Lóð og húseign Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
3. Lóð og aðrar fasteignir nr. 9 við Aðalstræti, eign h. f. Munins.
4. Lóð nr. 11 við Aðalstræti, eign Árna Jónssonar.
5. Lóð nr. 12 við Aðalstræti, eign Kristjáns Kristjánssonar og Kaupfélags Ísfirð-
inga.
6. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar, trésmiðs og Hinriks Guð-
mundssonar.
7. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eign Valdimars Veturliðasonar, Ellerts Eiríkssonar,
Kristóberts Rósinkarssonar og Haralds Aspelund.
8. Húseign nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson og Ásgeirs Sigurðssonar.
9. Húseign nr. 21 við Aðalstræti (Turninn), eign Gests Loftssonar (Lóðin eign
hafnarsjóðs).
10. Húseign nr. 25 við Aðalstræti, eign Jóhannesar Eliássonar og Ágústs Péturs-
sonar (Jens Ragnarssonar). Lóðin eign hafnarsjóðs og bæjarsjóðs.